Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarskrifstofu Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 6. desember 2024

Efni: Málefni endurvinnslustöðva - Lambhagavegur

Á 52. fundi eigendavettvangs Sorpu bs., sem haldinn var 18. nóvember sl. var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

„Á 508. fundi stjórnar Sorpu bs. sem haldinn var 6. nóvember sl. var eftirfarandi bókað vegna umræðu um stöðu uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg:

„Í ljósi undangenginnar kynningar hóps um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu samþykkir stjórn, með vísan til gr. 4.3 í eigendastefnu byggðasamlagsins, að leita heimildar eigendafundar Sorpu bs. fyrir því að uppbygging nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg verði á grundvelli sviðmyndar 1, með yfirbyggingu að hluta. Framkvæmdastjóra er falið að leggja ákvörðun stjórnar fyrir eigendafund til staðfestingar ásamt fyrirliggjandi áhættumati ráðgjafa og áhættumati áhættunefndar.“

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu kynnir framangreint og tillögur um fjármögnun uppbyggingar nýrrar endurvinnslustöðvar en gert er ráð fyrir að hún verði fjármögnuð með töku verðtryggðs láns til 30 ára að fjárhæð 1,332 ma.kr.
Óskað er eftir staðfestingu eigendavettvangs á fyrrgreindri bókun, þ.e. heimild til að halda áfram með framkvæmdina og heimild til lántöku samkvæmt framansögðu.”

Niðurstaða eigendafundar var eftirfarandi:

„Eigendavettvangur staðfestir fyrir sitt leyti bókun stjórnar Sorpu bs. frá 6. nóvember sl. og að málið verði unnið áfram á grundvelli fyrirliggjandi tillögu, en endanlegri ákvörðun er vísað til umræðu og afgreiðslu sveitarfélaganna. Stjórn og framkvæmdastjóra Sorpu bs. er falið að fylgja málinu eftir gagnvart sveitarfélögunum. Jafnframt er stjórn Sorpu bs. hvött til þess að leita leiða til að lágmarka þá fjárhæð sem taka þarf að láni vegna framkvæmda á vegum byggðasamlagsins.“


Beiðni um afgreiðslu:

Samkvæmt framansögðu er farið fram á að ofangreint verði tekið til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins. Frekari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi gögnum.

Jafnframt óskum við eftir því að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélagsins berist í netfangið lovisa.jonsdottir@sorpa.is, eigi síðar en 31. desember nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis sendar á netfangið lovisa.jonsdottir@sorpa.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Virðingarfyllst,



Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Meðfylgjandi:

- Lambhagi_greinargerð
- Lambhagi_minnisblað

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026